

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **17-076F015**

Dags: **08. júní 2017**

Staður: **Á leið frá Reykjavík til Egilsstaða**


Lýsing: **Reykur í flugstjórnarklefa**

Um kl. 08:04 þegar farþegaflugvél (DH8D) var á leið frá Reykjavík til Egilsstaða í áætlunarflugi, varð áhöfn flugvélarinnar vör við reyk í flugstjórnarklefanum. Áhöfnin lýsti yfir neyðarástandi og snéri fluginu inn til Akureyrarflugvallar og lentu þar. Áhöfnin sá að reykurinn barst frá USB tengingu sem spjaldtölvar er tengd við.



Spjaldtölvan er hluti af búnaði flugvélarinnar í flugstjórnarklefanum. Áhöfnin aftengdi spjaldtölvuna og hætti þá reykur að myndast.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós að tenging fyrir snúru hafði brunnið/sviðnað. Við frekari rannsókn kom í ljós að fleiri tengi höfðu sviðnað að einhverju leyti án þess að gefa mikinn reyk frá sér. Rannsóknin leiddi í ljós að snúrurnar sem tengdu spjaldtölvuna við USB tengið voru ekki fullnægjandi og hefur þeim verið skipt út.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 20.10.2017.